

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN



ATHUGUN Á ÞORVALDSDALSÁ.

Sigurður Guðjónsson.
Agúst 1983.

Sigurður Guðjónsson

Agúst 1983,

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
INSTITUTE OF FRESHWATER FISHERIES
P.O. BOX 754—101 REYKJAVÍK ICELAND

Þorvaldsdalsá.

Inngangur.

Þann 19 júlí 1982 var gerð athugun á Þorvaldsdalsá. Síðustu árin hefur verið sleppt í ána talsverðu af laxaseiðum en árangur látið á sér standa.

Aðferðir.

Seiði voru veidd með rafmagni á 2 stöðum í ánni, neðan við brú og í Hrafnagilsá. Seiði sem veiddust voru lengdarmæld og aldursgreind. Ekki reynist unnt að meta þéttleika seiðanna vegna erfiðra aðstæðna til rafveiða, en áin var vatnsmikil er könnun þessi fór fram.

Niðurstöður og ályktanir.

Við brú veiddust 5 bleikjur (1 - 3 ára) en 1 laxaseiði veiddist í Hrafnagilsá (2 ára).

Vöxtur bleikjunar virtist vera svipaður og í nágrannaánum og líkur því sem var 1976 (Tómasson 1976). Þó er rétt að benda á að hér eru fá sýni sem liggja að baki þessum samanburði. Laxaseiðið sem veiddist reyndist vera 2 ára og var 6,2 cm. Það er því frá sleppingu 1980.

Erfitt er að segja hvað þetta seiði hefur vaxið mikið, en sumaralinn seiði eru oft 4 - 5 cm þegar þeim er sleppt. Kemur það einnig fram í könnun 1976 að lax vex afar hægt í ánni en þá fundust tvö 2 ára seiði úr náttúrulegu klaki og voru þau aðeins um 5 cm á lengd. Það er því ljóst að lax þrífst illa í ánni. Ástæður fyrir þessu eru væntanlega bæði hitastig og magn fæðudýra.

Þorvaldsdalsá er dragá og er um 19 km að lengd, en er fiskgeng um 2 km. Eins og dragám er títt fylgir vatnshiti lofthita nokkur veginn, snjóbráð kælir ána langt fram eftir sumri. Áin er því væntanlega of köld til þess að laxaseiði geti náð góðum vexti.

En fleira kemur til en hitastig. Fæðuframboð skiptir miklu máli. Fiskur lifir á smádyrum sem aftur lifa á þörungum. Frumframleiðni þörunga byggist svo m.a. á magni uppleystra næringarefna í árvatninu. Rafleiðnimælingar gefa hugmynd um styrk þessara efna. Leiðni mældist 32 $\mu\text{S}/\text{CM}$ (v25°C) þann 20/7 1983, sem verður að teljast lág leiðni. t.d. er leiðni í Vatnsdalsá sem er góð laxveiðiá 90 - 100 $\mu\text{S}/\text{cm}$. Á þessi munur á leiðni að nokkru rætur sínar að rekja til þess að á Eyjafjarðarsvæðinu er berggrunnurinn blágrýti og er þéttur og rennur yfirborðsvatn þar beint í næsta læk án þess að fara gegnum yfirborðslög þakin gróðri sem myndu auðka vatnið af næringarsöltum. Landslag á blágrýttissvæðum er einnig þannig að ár eru stuttar og eiga oft upptök sín hátt í fjöllum. Rætt hefur verið um að búa til stöðuvatn ofarlega í ánni og myndi slíkt væntanlega auka magn næringarefna í ánni og við þetta gæti áin líka hitnað meira.

Ljóst er að vöxtur laxaseiða í ánni er mjög hægur og borgar sig ekki að sleppa slíkum seiðum í ána.

Gönguseiðasleppingar hafa enn ekki skilað góðum árangri á Norðurlandi og er því rétt að fara sér hægt í þeim efnum, þó vissulega sé hér möguleiki ef úr rætist í framtíðinni.

Talsvert hefur veiðst af sjóbleikju í ánni á undanförunum árum. Að mínu áliti er því skynsamlegt að sleppa sumaröldum sjóbleikjuseiðum í ófiskgenga hluta árinna og nýta hann þannig til seiðauppeldis. Rétt er að gera þetta í nokkur ár og er hæfilegur þéttleiki 1 seiði á hverja 2 m² botnflatar. Þegar árangur af þessum sleppingum liggur fyrir er hægt að athuga hvort gerð fiskvegar borgar sig eða ekki.

HEIMILDIR.

Tómasson, Tumi 1976. Rannsóknir á Þorvaldsdalsá í Eyjafirði 22/7 1976
Skýrsla Veiðimálastofnunarinnar.